



Reykjavík, 13. apríl 2018

Bergljót Sigurbjörnsdóttir
Félagsmálastjóri
Garðatorg 7
210 Garðabær

Varðar: Styrkumsókn.

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Meginmarkmið klúbbsins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbsins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999 og varð. Í dag eru félagar 430 talsins og fer fjölgandi. Árið 2017 mættu að meðaltali 23 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbsins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. Að meðaltali nýta 78 félagar sér þjónustu Klúbbsins Geysis í hverjum mánuði.

Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingaúrræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og frá bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2016 voru 18% félaga í vinnu og 16% í námi af þeim sem svöruðu símakönnun 2016. Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild.

Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengnir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun á gæði starfseminnar í janúar árið 2016, sem gildir til 31. janúar 2020.

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt dags.	18.04.2018
Málakýll	00.10.1
Mál nr.	1804216


Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03.2026


Klúbburinn Geysir byggir á hugmyndafræði Fountain House, sem eru alþjóðasamtök með starfsemi í 30 þjóðlöndum, í um og yfir 322 klúbbhúsum, með hátt í 60.000 félögum. Klúbburinn starfar samkvæmt Stöðlum Clubhouse International.

Þau úrræði sem Klúbburinn Geysir býður upp á eru hagkvæm og leiða til umtalsverðs sparnaðar í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem og hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Í klúbbum fá félagar hvatningu, stuðning og mikilsverða vinnuþjálfun til að ná sér á strik eftir veikindi og endurheimta þá reisn sem fylgir því að geta séð fyrir sér sjálfur að miklu eða öllu leyti. Í mörgum tilvikum geta klúbbfélagar hætt að þiggja aðstoð frá ríki og/eða sveitarfélögum. Einnig öðlast einstaklingurinn aukin lífsgæði sem ekki er hægt að meta til fjár.

Til að styðja við starfsemi Klúbbsins Geysis á árinu 2018, sækjum við hér með um styrk frá Garðabæ að upphæð 250.000 kr.

Virðingarfyllst,


Þórunn Ósk Sölvadóttir
Framkvæmdarstjóri Klúbbsins Geysis


Helgi Halldórsson
Félagi

Meðfylgjandi:

1. Litli-Hver – fréttabréf Klúbbsins Geysis
2. Klúbburinn Geysir – Með þér út í lífið – upplýsingabæklingur um Klúbbinn Geysi
3. Árssreikningur 2017.